

M-62/2016. Álit 19. maí 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. maí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-62/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 26. júlí 2016 bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna reiknings Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi gerir ekki kröfur á hendur seljanda og er ekki ljóst af erindinu hver tilgangur álitsbeiðnarinnar er.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum. Valdsvið kæruneftndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Sá ágreiningur sem uppi er á milli aðila lýtur að reikningi seljanda fyrir vinnu við þípulagningar og hefur álitsbeiðandi ekki uppi kröfur á hendur seljanda og er óljóst hver tilgangur álitsbeiðnar er.

Í 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa er fjallað um álitsbeiðnir til nefndarinnar. Þar kemur m.a. fram að í álitsbeiðni skuli gerð grein fyrir þeim kröfum er álitsbeiðandi gerir á hendur gagnaðila. Af framansögðu er ljóst að umrætt skilyrði er ekki uppfyllt og því getur kæruneftndin ekki gefið álit sitt á ágreiningnum.

Niðurstaða kæruneftndarinnar er því sú að samkvæmt framansögðu og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beri að vísa beiðni álitsbeiðenda frá nefndinni.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu frá janúar og fram í apríl 2017 var kæruneftndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður